

## A 1910/UVN

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um  
**þingmannatillögu**  
**um norrænt samstarf um langvarandi COVID**

**Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að skipuleggja norræna læknisfræðirannsókn og aðgerðir gegn sjúkdómnum langvarandi COVID sem byggjast á þeirri reynslu og þekkingu sem þegar er til um aðra sjúkdóma í kjölfar veirusýkinga.

að efla samstarf um meðhöndlun langvarandi COVID á Norðurlöndum.

**Bakgrunnur**

Nefndin ákvað að vinna áfram með þingmannatillöguna en að sleppa því að minnast á ME/CFS sem var í upphaflegu þingmannatillöggunni. Það er gert vegna þess að ME er langvinnur sjúkdómur og CFS er ekki langvinnur sjúkdómur.

Sífelld fleiri rannsóknir benda til að langvarandi COVID þurfi að taka alvarlega. Tugir þúsunda Norðurlandabúa hafa greinst með sjúkdóminn frá upphafi heimsfaraldurs og í löndunum vinna yfirvöld að því að útbúa vinnureglur og upplýsingar fyrir fólk sem glímir við langvarandi COVID.

Með skilvirku og skipulögðu norrænu samstarfi væri hægt að spara tíma og tilföng sé langvarandi COVID sett í stærra samhengi og haft í huga að langtímasjúkdómar í kjölfar veirusmits eru ekki nýtt fyrirbæri.

Greiningin á margt sameiginlegt með öðrum sjúkdómum sem verða í kjölfar veirusjúkdóma, t.d. ME/CFS.

Norræna ráðherranefndin gæti skipulagt rannsóknir um langtímacovid og aðgerðir sem byggjast á þeirri þekkingu sem þegar er fyrir hendi um sjúkdóma í kjölfar veirusýkingar.

Nú þegar er til norrænt rannsóknarnet og vettvangur fyrir greininguna ME/CFS. Elstu samtök sjúklinga eru meira en 30 ára gömul og hluti evrópsks samstarfs sjúklinga, lækna og vísindamanna (EMEA-EMECC-EMERG).



Þetta gefur okkur á Norðurlöndum gott tækifæri og forskot á alþjóðavísu. Norræna samvinnuformið er þegar rótgróið og hefur þessa verðmætu þekkingu, sérkunnáttu og samskiptanet tilbúið til notkunar.

Með samstarfi um vinnureglur, sjúkdómaskilgreiningar og greiningarskilyrði er hægt að einfalda gagnaöflun fyrir læknisfræðilegar rannsóknir, eftirfylgni og mat á aðgerðum.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Nefndin er sammála um að þekkingu og viðurkenningu skortir á langvarandi COVID.

Í því sambandi vill nefndin varpa ljósi á hvernig langvarandi COVID er skilgreint og að við á Norðurlöndum höfum sennilega ekki séð alla langvarandi sjúkdóma af völdum veirusýkinga í kjölfar heimsfaraldursins að svo stöddu.

Þekking og reynsla frá öllum Norðurlöndunum gegnir því lykilhlutverki fyrir uppbyggingu og vandaðan grundvöll meðferðar einstaklinga á Norðurlöndum sem hafa fengið langvarandi COVID.

Nefndin í heild sinni styður á grundvelli þessa tillöguna.

Reykjavík, 7. september 2022

*Aksel V. Johannesen (Jvfl.)*

*Anders Adlercreutz (sv)*

*Angelika Bengtsson (SD)*

*Ásmundur Friðriksson (Sj.)*

*Atte Kaleva (samI)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*

*Heli Järvinen (gröna)*

*Kathy Lie (SV)*

*Kim Berg (sd)*

*Tobias Drevland Lund (Rødt)*

*Tone Wilhelmsen Trøen (H)*

*Truls Vasvik (A)*